



Ferðamálastofa

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík
Sími 535 5500 Fax 535 5501
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/492
komudagur 15.12.2008

Akureyri 10. desember 2008.

Efni: 136. Löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 34 - 34. mál. Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts. - Umsögn Ferðamálastofu.

Skrifstofu Ferðamálastofu hefur borist til umsagnar tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts. Ferðamálastofa tekur ekki beina afstöðu til þingsályktunartillögunar, en veitir umsögn á forsendum atvinnugreinarinnar byggða á viðhorfum ferðafólks, sem fengnar eru með könnunum Ferðamálastofu.

Ferðapjónusta á Íslandi byggir að miklu leyti á náttúrulegum gæðum. Samkvæmt könnunum meðal ferðafólks er það náttúra landsins sem ræður hvað mestu um að Ísland verði fyrir valinu sem áfangastaður, eða í 75-80% tilfella. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðapjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins. Til að þessi ímynd verði trúverðug er mikilvægt að horft sé til ýmissa þátta, m.a. almenna stefnu varðandi náttúruvernd, auk heildarmynda vistkerfa og landslagsheilda. Einnig er mikilvægt fyrir ímynd landsins út á við að fá staðfestingar frá alþjóðlegum stofnunum og samtökum um verndunaraðgerðir og það er allt sem bendir til þess að þessi þáttur eigi eftir að verða mikilvægari þegar fram líða stundir.

Á vatnasviði Skjálfandafljóts eru margir af okkar fegurstu og merkustu fossum s.s. Goðafoss og Aldeyjarfoss og mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína um svæðið. Líklegt má telja að röskun á vatnsflæði um þessa fossa eða röskun á umhverfi í kringum þá geti haft neikvæð áhrif á ferðapjónustu á svæðinu.

Virðingarfyllst

Sveinn Rúnar Traustason
Umhverfisfulltrúi Ferðamálastofu